

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/926
komudagur 25. 2. 2009

Efnahags- og skattanefnd

Athugasemd við þskj.553-321 mál

Ágæti nefndarmaður

Mig langar til að óska eftir því að tekið verði til athugunar að hægt verði að lána út á inneign í viðbótarlífeyrissparnaði. Hátt í tíu þúsund Íslendingar eru með samning við Allianz í Þýskalandi um viðbótarlífeyrissparnað. Eru þetta samningar sem eru gerðir í 12 ár hið minnsta. Ef samningshafi vill taka úr fjármuni sína, þ.e. allt að 1 milljón króna skv. þskj.553-321 mál, þá þarf hann að slíta samningi við Allianz og munu þá tapast fjármunir við það.

Þar sem þetta frumvarp er samið með hagsmuni fólksins í landinu í huga, þá vill Allianz bjóðast til að leggja sitt lóð á vogarskálarnar og lána samningshafa út á inneign sína, allt að 1 milljón króna, og mun þá samningshafi halda áfram að ávaxta höfuðstól sinn eins og ekkert hafi í skorist eins og núverandi samningur kveður á um. Greiðsla lánsins myndi síðan fara fram þegar samningshafi tekur út höfuðstól sinn í samningslok.

Þar sem viðbótarlífeyrissparnaður er ekki aðfararhæfur, þá yrði að gera undanþágu með þá upphæð sem lánuð er, þannig að það sé samþykkt að hægt sé að lána út á inneign og að sú lásupphæð yrði þá ekki skattlögð við útgreiðslu.

Ég vona að þetta verði tekið til greina þar sem ekki þyrfti þá að koma til álita að eyðileggja fjöldan af samningum Íslendinga sem geyma fé sitt hjá Allianz í Þýskalandi.

Undirritaður býðst til þess að koma á fund og skýra þetta betur út ef vilji er fyrir hendi

Virðingarfyllt

Eyjólfur Lárusson
Framkvæmdastjóri
Allianz Ísland hf.
www.allianz.is